

28. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 07.06 2016, Végarði kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarson og Þorvarður Ingimarsson, einnig var mættur Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarstjórnar.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Samþykkt að taka á dagskrá fundargerðir Brunavarna á Austurlandi frá fundum 02.06 og 07.06 2016

Dagskrá:

1. Álagning fasteignaskatta á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar.

Bréf Yfirfasteignamatnefnd dags. 06.05 2016 og 20.05 2016.

2. Skýrsla oddvita

3. Svæðaskipulag Austurlands, afstaða Fljótsdalshrepps til tillagna starfshóps.

4. Brunavarnir á Austurlandi, endurskoðun fjárhagsáætlunar vegna launaþróunar

Fundargerðir stjórnar Brunavarna á Austurlandi 02.06 og 07.06 2016

5. Hengifoss, hönnunarsamkeppni

6. Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð (673 mál)

7. Leikskólagjöld

8. Bréf

a) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 02.05 2016

b) Umhverfisstofnun dags. 05.04 2016

c) NAUST dags. 09.05 2016

d) Ríkisskattstjóri dags. 28.04

9. Umhverfisstyrkir

Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt

10. Fundargerðir

a) Aðalfundargerð Gróðrarstöðvar Barra ehf 11.05

b) Félagsmálanefnd 27.04 og 25.05

c) Aðalfundargerð Minjasafns Austurlands 25.04

d) HAUST 18.05

e) Starfshópur um svæðaskipulag Austurlands 12.04 og 02.05

f) Ferðaklasinn ÆSA 13.05

g) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 31.05

11. Önnur mál.

1. Álagning fasteignaskatta á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar.

Bréf Yfirfasteignamatsnefnd dags. 06.05 2016 og 20.05 2016. Varða kærur LV vegna endurmats og álagningar vatnsréttinda. Kynnt og Kristinn fór yfir stöðu mála. Kristinn fer með málið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Kristinn vék af fundi um kl. 15.15

2. Skýrsla oddvita.

Oddviti var í sauðburðarleyfi hluta maí mánaðar.

Þjóðskrá hefur tilkynnt um að áhersla verði lögð á rafræn skil flutningstilkynninga og viðtaka flutningstilkynninga á pappír eða sem innskönnuð skjöl verði hætt.

SSA óskar eftir tilnefningum til Menningarverðlauna SSA árið 2015, tilnefningar berist á netfangið ssa@ssa.is fyrir 15. ágúst.

Vinnustofa hönnunarhóps skógarafurða hafði aðstöðu í Végarði frá 15-22. maí. Sýning á afrakstri vinnustofunnar stendur enn uppi í Végarði.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir vatnsveitu við Hengifossá. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum eru gæði vatns ágæt.

HAUST bendir á að æskilegt væri að hafa söfnunarílát á Hengifossvæði sem gerir ferðmönnum kleift að flokka einnota drykkjarílát frá almennu sorpi.

SSA hefur sent út drög að dagskrá 50. Aðalfundar SSA, sem fram fer á Seyðisfirði dagana 07.08. október nk

Skúli Björn Gunnarsson fór með umboð og atkvæði Fljótsdalshrepps á ársfundi Austurbrúar, sem haldinn var á Djúpavogi 11. maí sl.

Vinnueftirlitið beinir til atvinnurekenda að tryggja öryggi og heilsu ungmenna við vinnu.

Veðurstofan vinnur að hættumati flóða í Lagarfljóti og óskar eftir öllum tiltækum upplýsingum um söguleg flóð í fljótinu og þverám þess.

Landsnet hefur tekið saman matslýsingu á kerfisáætlun 2016-2025, Lýsinguna er að finna á heimasíðu Landsnets www.landsnet.is.

Landsvirkjun hefur sent sveitarfélaginu skýrslurnar : Gróðurvöktun í Kringilsárrana LV-2016-064, Heiðargæsir í varpi og felli á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar árið 2015 LV-2016-059 og Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2014 LV-2016-058.

3. Svæðaskipulag Austurlands, afstaða Fljótsdalshrepps til tillagna starfshóps. Samþykkt að Fljótsdalshreppur verði aðili að vinnu við Svæðisskipulag Austurlands og sveitarstjórn hefur jákvæða afstöðu til tillagna starfshóps.

4. Brunavarnir á Austurlandi, endurskoðun fjárhagsáætlunar vegna launaþróunar.

Aðalfundargerð Brunavarna á Austurlandi 02.06 og fundargerð símafundar 06.06. Fundargerðir kynntar. Í fundargerðum kemur fram að útlit er fyrir halla á rekstri samlagsins

vegna verulegra launahækkana starfsmanna. Stjórn leggur til að aðildarsveitarfélög hækki framlög á árinu. Samþykkt að veita aukaframlag til Brunavarna kr. 183.352,-

- 5. Hengifoss, hönnunarsamkeppni.** Drög að samkeppnislýsingu sem Þórhallur Pálsson arkitekt hefur unnið yfirfarin. Oddvita falið að koma á framfæri áherslum og athugasemdum sveitarstjórnar varðandi drögin. Stefnt er að því að samkeppnislýsingin verði fullfrágengin og tekin til afgreiðslu á næsta fundi, ásamt skipun í dómnefnd .

6. Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð (673 mál).

Sveitarstjórn Fljótaldshrepps gerir eftirfarandi athugasemdir við framlagt frumvarp að breytingum á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð.

1. Ákvæðið um bann við utanvegaakstri er óþarft. Náttúruverndarlögin taka vel á þessum málum og ekki ástæða til að setja meira inn í þessi lög heldur en fyrir er í gildandi lögum.

2. 15 gr. c liður, ákvæði um bann við lendingu loftfara nema með sérstöku leyfi. Vatnajökulsþjóðgarður átti að styrkja við ferðamennsku á svæðinu. Með þessu ákvæði er verið að setja fótinn fyrir eina tegund hennar sem eru þyrluferðir. Ef umferð loftfara eykst í garðinum væri nær að skilgreina landingarstaði rétt eins og bílastæði eða næturhólf fyrir hesta. Á Íslandi eru í gildi lög um loftferðir og því ekki ástæða til að setja sér lög um þau í þjóðgarðinum.

3. Við undirbúning að stofnun þjóðgarðsins var lögð áhersla á að stjórnarfyrikkomulag hans skyldi styðja við ákvarðanatöku heima í héraði. Sveitarstjórn Fljótaldshrepps telur að með þeirri skilgreiningu á hlutverki framkvæmdastjóra sem fram kemur í 8 gr. frumvarpsins sé gengið of langt í að færa vald til framkvæmdastjóra frá svæðisráðum, þjóðgarðsvörðum og stjórn og miðstýring aukin.

4. 18 gr. 2 mgr. Að þjóðgarðsverði sé heimilt að loka ákveðnum svæðum og leiðum fyrirvaralaust. Ekki er ásættanlegt að þjóðgarðsverði sé heimilt að loka leiðum eða svæðum sem skulu vera opin samkvæmt verndaráætlun upp á sitt einsdæmi. Gera verður þá kröfu að það sé gert í samráði við svæðisráð á viðkomandi svæði.

5. Þá vill sveitarstjórn koma á framfæri þeirri skoðun sinni að eðlilegt sé að framkvæmdastjóri og skrifstofa Vatnajökulsþjóðgarðs sé staðsett í einu af því sveitarfélagi sem liggja að þjóðgarðinum og stefna eigi að því að svo verði þegar breytingar verða á starfsumhverfi framkvæmdastjóra.

7. Leikskólagjöld.

Sveitarstjórn samþykkir að á frá og með 01.07 2016 greiði Fljótaldshreppur leikskólagjöld, þ.e. leikskólagjöld án fæðis-og foreldrafélagsgjalda, fyrir börn sem lögheimili eiga í Fljótaldshreppi, í þeim leikskólum Fljótaldshéraðs sem samningur um leikskólavist milli sveitarfélaganna dags 03.06 2015, tekur til. Samþykkt þessi er samhljóða samþykkt um greiðslu leikskólagjalda sem í gildi var þegar leikskólanum Skógarseli á Hallormsstað var lokað og er ætlað að koma til móts við foreldra leikskólabarna í Fljótald sem sækja þurfa leikskólavist fyrir börn sín í Egilsstaði.

Kostnaði verði mætt með lækkun á handbæru fé.

8. Bréf.

- a) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 02.05 2016. Kynnt. Oddviti verður tengiliður vegna vinnu við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greiningu á uppbyggingarþörf á ferðamannastöðum.
- b) Umhverfisstofnun dags. 05.04 2016. Varðar samning sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar um refaveiðar 2014-2016, endurgreiðsluhlutfall árið 2016 verður 5% hærra en sl ár.
- c) NAUST dags. 09.05 2016. Varðar áttak í að hreinsa ónýtar girðingar á Austurlandi. Kynnt.
- d) Ríkisskattstjóri dags. 28.04. Kynnt.

9. Umhverfisstyrkir.

Þorvarður vék af fundi vegna vanhæfis og Lárus tók við fundarritun.

Sveinn Ingimarsson , Sturluflöt. Samþykktur hámarksstyrkur.

10. Fundargerðir.

- a) Aðalfundargerð Gróðrarstöðvar Barra ehf 11.05. Kynnt.
- b) Félagsmálanefnd 27.04 og 25.05 . Kynntar.
- c) Aðalfundargerð Minjasafns Austurlands 25.04 . Kynnt.
- d) HAUST 18.05. Kynnt.
- e) Starfshópur um svæðaskipulag Austurlands 12.04 og 02.05. Kynntar.
- f) Ferðaklasinn ÆSA 13.05. Kynnt.
- g) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 31.05. Kynnt.

Þorvarður kom aftur til fundar og tók við fundarritun.

11. Önnur mál.

- a) Sveinn Ingimarsson mun sjá um grenjavinnslu á Múla og Kiðafelli.
- b) Samþykkt að fela oddvita að yfirfara og undirrita kjörskrá vegna forsetakosninga, þegar hún berst sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.25.

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)